

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Ormsvöllur, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. nóvember 2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Ormsvelli. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar Hlíðarvegur 16 og Ormsvöllur 14 verði sameinaðar í eina lóð, Hlíðarveg 16. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Miðbærinn á Hvolsvelli, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. nóvember 2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi í miðbæ Hvolsvallar. Meginmarkmið við endurskoðun deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir og byggingarmöguleika fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir íbúðum í miðbænum sem, ásamt verslunar- og þjónustustarfsemi, munu gegna mikilvægu hlutverki í þéttbýlinu á Hvolsvelli og sveitarfélaginu öllu. Endurgerð og breytingar á vegyfirborði þjóðvegur nr. 1, þar sem hann fer um þéttbýli Hvolsvallar, er hluti deiliskipulagsáætlunarinnar. Gert er ráð fyrir breytingum á yfirborði vegarins og öðrum aðgerðum til að auka umferðaröryggi, draga úr umferðarhraða og gera veginn að bæjargötu. Hugað verður að bættum göngutengingum frá miðbæjarsvæðinu að öðrum hlutum þéttbýlisins. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 20. nóvember 2020.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.